

Fundargerð stjórnar BÍS 1/2017, miðvikudaginn 4. janúar 2017 kl. 19:00 í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123.

## Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi,  
Fríður Finna Sigurðardóttir, aðstoðarskátahöfðingi,  
Jón Þór Gunnarsson, formaður alþjóðaráðs,  
Ólafur Proppé, formaður fræðslaráðs,  
Heiður Dögg Sigmarsdóttir, formaður upplýsingaráðs,  
Una Guðlaug Sveinsdóttir, formaður dagskráráðs,  
Berglind Lilja Björnsdóttir, formaður ungmennaráðs,  
Sonja Kjartansdóttir, gjaldkeri (mætir 22:00 en las yfir fundargerð eins og hún stóð á þeim tíma)

## Dagskrá:

### 1. Yfirferð og samþykkt fundargerðar frá 21.12.2017

- a. Fundargerð yfirfarin og leiðrétt.

### 2. Félagsforingjafundur

- a. HDS og JPG fóru á fund í Jötunheimum 2.1.2017 sem upprunalega var fyrir félagsforingja en var að lokum opinn fundur. Innlegg frá þeim fundi sem hefur áhrif á undirbúning 14. janúar er talið vera eftirfarandi að mati HDS og JPG
  - i. Skýra fundarboð 14. janúar, hverjir mega mæta og klukkan hvað.
  - ii. Mikið ákall um meiri upplýsingar og gögn sem fyrir liggja vegna starfsloka Hermanns Sigurðssonar.
  - iii. Ekki sátt um að FFS eða BB leiði félagsforingjafund.
  - iv. Hver sé staða á starfslokum HS.
  - v. Eitthvað er um að foreldrar hafi beðið um að byrja undirskriftarlista að einelti verði ekki liðið í skátunum.
  - vi. Hver sé staðan á trúnaðarmáli sem fór til Skátaréttar.
- b. Fundarmenn
  - i. Ákveðið að fundurinn verði hefðbundinn í boðun, þ.e. tveir fulltrúar frá hverju skátafélagi með ríkri áherslu á að félagsforingi mæti.
  - ii. Ákveðið að bjóða sérstaklega á fundinn og sitja fyrir svörum
    1. Kristni Ólafssyni, fyrrv. gjaldkera BÍS.
    2. Félagslega kjörnum skoðunarmanni reikninga s.l. 3 ár.
    3. Tryggva Jónssyni, endurskoðanda BÍS.
    4. Formann eða fulltrúa skátaréttar.
    5. JPG hefur samband við skoðunarmenn, formann skátaréttar og Kristinn.
- c. Dagskrá
  - i. Starfslok framkvæmdastjóra
    1. Yfirferð á tímalínu atburða og skjöl sem verða til í ferlinu. UGS og HDS taka saman tímalínu atburða og senda stjórnarmönnum til yfirferðar 9. janúar.
    2. Óska eftir innleggi frá Tryggva Jónssyni um úttekt á fjárreiðum BÍS, sjá punkt 4.
    3. Hver og einn stjórnarmaður gerir grein fyrir sinni afstöðu.

4. Staða á starfslokum HS.
5. Fyrirspurnir og svör.
- ii. Trúnaðarmál sem skátaréttur hefur ályktað um
  1. Yfirferð á tímalínu atburða og skjöl sem verða til í ferlinu með vísun í opinber gögn. JPG undirbýr tímalínu og sendir stjórnarmönnum til yfirferðar fyrir 9. janúar.
  2. Yfirlit yfir fjölda tilkynnta trúnaðarmála síðustu 3 ár og úrvinnslu þeirra. JPG hefur samband við Skátamiðstöðina.
  3. Fyrirspurnir og svör.
- iii. Frekari kynning á gögnum fundarins í breiðari hópi skátahreyfingarinnar: Félagsforingjafundur beðinn um að taka afstöðu til málsins.
- iv. Áskorun fundar haldinn í Jötunheimum dags. 2.1.2017 á BB og FFS.
- d. Fundarstjóri
  - i. Ákveðið að leita til Sigurðar Konráðssonar eða Halldórs Magnússonar. JPG hefur samband við þá.
- e. Birting gagna
  - i. UGS hefur heyrt að HS vilji að öll skjöl séu upp á borðinu og óskar eftir að fá staðfestingu á því hver hans afstaða er í dag.
  - ii. FFS áframsendi á stjórn skriflega staðfestingu HS frá 20. desember sem áður var kynnt á stjórnarfundum, að HS óskaði eftir að mál hans verði bókað í trúnaðarbók og hefur stjórn unnið eftir því.
  - iii. BB leggur til að fundargerðir stjórnar verði birtar á Skátamálum fyrir helgi og tengd gögn verði birt á félagsforingjafundi 14. janúar, þó þannig að gögn er varða aðra starfsmenn en HS verði ekki birt.
    1. ÓP telur ekki tímabært að birta gögn á Skátamál án samráðs við HS.
    2. Aðrir stjórnarmenn fylgjandi að fundargerðir án tengdra gagna verði birtar enda upplifa stjórnarmenn mikið ákall um að upplýsingar verði birtar. Ákveðið að fara yfir fundargerðir á fundi og athuga hvort þar séu atriði sem stjórn telur ekki birtingarhæf á þessu stigi. BLB og UGS falið að yfirfara fundargerðir og senda stjórn til yfirferðar og samþykktar fyrir birtingu á Skátamál.

### 3. Bókum ÓP

*„Bókun á stjórnarfundum BÍS 4. janúar 2017*

*Ég, undirritaður, átel meiri hluta stjórnar BÍS, en þó einkum Braga Björnsson skátahöfðingja (BB), Fríði Finnu Sigurðardóttur aðstoðarskátahöfðingja (FFS) og Sonju Kjartansdóttur gjaldkera (SK), fyrir framgang og vinnubrögð við uppsögn Hermanns Sigurðssonar framkvæmdastjóra BÍS (HS).*

*Stjórn BÍS samþykkti á fundi sínum 28. nóvember sl. að beina spurningum til Hermanns til að fá skýringu hans á nokkrum atriðum sem höfðu komið á umræddum fundi. Bragi og Sonja funduðu með Hermanni daginn eftir og afhentu honum spurningar stjórnar.*

Hermann svaraði spurningum stjórnar ítarlega með fimm bréfum dagsettum 2. des, 7. des og þremur bréfum dagsettum 13. des. Ekki hefur fengist málefnaleg umræða í stjórn BÍS um svör Hermanns, eða bréf Kristins Ólafssonar gjaldkera BÍS dagsett 18. des. sl., og í því samhengi átel ég skátahöfðingja og aðstoðarskátahöfðingja sérstaklega fyrir að þvinga tillögu um brottvikningu Hermanns í atkvæðagreiðslu á stjórnarfundi 13. des. s. þrátt fyrir að stjórn væri ekki fullmönnuð vegna tilfallandi veikinda eins stjórnarmanns.

4. janúar 2017

Ólafur Proppé“

- a. UGS telur að rætt hafi verið um þau atriði sem leiddu til þeirrar ákvörðunar að ganga til starfsloka við HS.
  - b. ÓP ítrekar að ekki hafi verið rætt um samskipti BB og HS sem hafi verið forsenda þeirrar atburðarásar sem leiddi til starfsloka HS.
  - c. FFS telur mikilvægt að halda til að haga að samskipti BB og HS hafi ekki verið forsenda ákvörðunar um ganga til starfsloka við HS.
  - d. FFS spyr hvort að upplifun stjórnar sé sú að framgangna hennar og vinnubrögð ásamt því hvort fundarstjórn hafi verið hlutdræg. JPG, UGS, BB, BLB, HDS, SK upplifa ekki að svo sé.
- 4. Úttekt á fjárreiðum BÍS**
- a. HDS, JPG og ÓP þykir óþægilegt að ýmis mál séu í orði og fleygt fram á formlegum eða óformlegum vettvangi. Óska eftir að senda lista yfir orðróm og að gögn þar af lútandi séu könnuð hlutlaust og skýringa leitað hjá viðeigandi aðilum í tengslum við úttekt á fjárreiðum BÍS sem tilkynnt var í yfirlýsingu meirihluta stjórnar. Samþykkt að óska eftir að þau atriði sé könnuð ásamt öðrum.
- 5. Samskipti stjórnar út á við vegna starfsloka HS – fyrirkomulag.**
- a. SK leggur til að stjórnarmenn sendi ekki sem einstaklingar eða sem hluti að stjórn yfirlýsingar fram að fundi 14. janúar nema að bera undir stjórnarmenn áður. Samþykkt einróma.
- 6. Samskipti stjórnar inn á við**
- a. Eftir félagsforingjafund mun stjórn leita leiða til að koma störfum stjórnar í eðlilegan farveg.
- 7. Trúnaðarmál**
- 8. Beiðni um faglega úttekt á ásökunum HS og ÓP á hendur BB vegna samskipta BB og HS**
- a. BB vikur af fundi.
  - b. Mál fært til trúnaðarbókar.
  - c. BB gerir ekki athugasemd við að ÓP hafi setið undir lið 8.b.
- 9. Endurskoðun launasamninga við starfsmann í fjarveru HS**
- a. Framkvæmdastjóri BÍS er næsti yfirmaður starfsmanns. Í ljósi stöðu ákveðið að SK skoði málið og komi með tillögu.
- 10. Starfslokasamningur við HS, staða**
- a. SK upplýsti um stöðu starfslokasamnings við HS.
- 11. Rekstur skrifstofu**
- a. Staða verkefna HS  
FFS hefur samband við HS til að afla upplýsinga hvaða stjórnarmenn hann

vilji helst vera í samskiptum við í framhaldinu.

Ákveðið að óska eftir stöðuyfirliti verkefna HS eins og þau standa í dag.

## 12. Stuðningur stjórnar við starfsemi BÍS og dótturfyrirtækja

- a. Í framhaldi af starfslokum HS hefur stjórn skipt með sér verkum um stuðning við starfsemi einstakra hluta BÍS.
  - i. BB: Skátabúðin, Torfi
  - ii. SK: Fjármál, Páll
  - iii. JÞG: Skátamót, Jón Ingvar
  - iv. UGS: BÍS, Sigríður
- b. Úlfljótswatnsráð
  - i. Ákveðið að SK taki stöðu HS í ÚVR á meðan mál skýrast.

## 13. Heimild til samþykktar reikninga

- a. Samþykkt að leita til Sigríðar að taka að sér yfirferð og samþykkt reikninga BÍS. SK ræðir við Sigríði.
- b. Beiðni um afgreiðslu ljósleiðara í Skátamiðstöð. Stjórn samþykkir að Sigríður og Jón Ingvar klári málið.

## 14. Reglugerð um skátarétt

- a. Ákveðið að óska eftir að skátaréttur geri tillögu að reglugerð sem send verði út með fundargögnum Skátapings og í framhaldi rædd á þinginu.

## 15. Önnur mál

- a. Erindi frá fjármálateymi Moot.  
JÞG falið að ræða við mótsstjóra og formann fjármálateymis Moot.
- b. Erindi frá Jóhönnu Aradóttur, félagsforingja skátafélagsins Svana.  
HDS svarar með tilvísun í efni og ákvörðun fundarins.
- c. Erindi frá Guðmundi Pálssyni.  
HDS svarar með tilvísun í efni og ákvörðun fundarins.
- d. Erindi frá Jóni Halldóri Jónassyni.  
HDS svarar með tilvísun í efni og ákvörðun fundarins.
- e. Erindi frá Skátafélaginu Vífli, Haförnum og Radíóskátum.  
HDS staðfestir móttöku fyrir hönd stjórnar.
- f. Umræður í tilefni af yfirlýsingu ÓP 27. desember
  - i. FFS óskar eftir hvaða stjórnarmeðlimir hafi heyrt sig segja „Að starfsandi í Skátamiðstöðinni væri afleitur vegna samskipta við Hermanns Sigurðssonar“ Skilningur ÓP en aðrir stjórnarmenn muna ekki eftir því.
  - ii. FFS óskar eftir hvaða stjórnarmeðlimir hafi heyrt að hún hafi sagt að „...skrifstofan væri auðnin ein vegna erfiðra samskipta starfsmanna við Hermann“. Skilningur ÓP að þetta hafi verið tengt umræðu um erfið samskipti við Hermann. Aðrir stjórnarmenn lýsa ekki sömu upplifun.
  - iii. FFS spyr hvort að stjórn kannist við að BB og FFS hafi komið sérstaklega í veg fyrir að skýrslur um samskipti BB og HS væru ræddar í stjórn og fyrir að beita sér markvisst gegn einlægum óskum Hermanns um að fá að gera stjórn grein fyrir samskiptum hans við Braga undanfarin ár.

1. UGS lýsti því að BB hefði sagst vera mótfallinn því að HS einhliða fengi að segja sína hlið án þess að BB væri viðstaddur. Vék hins vegar af fundi og sagðist munu beygja sig undir vilja stjórnar.
  2. ÓP upplifði umræðuna þannig. Aðrir stjórnarmenn voru ekki með sömu upplifun. HDS tekur fram að hún hefði sjálf kosið að fá HS á fund stjórnar.
  3. FFS bendir á að á fundardagskrá 13. desember lá fyrir að taka afstöðu til þeirrar beiðni eftir að svör ráðgjafa lágu fyrir en fyrir þann fund sendir HS skriflega greinargerð þar sem hann lýsir samskiptavanda við BB.
  4. HDS bendir á að rétt sé að taka fram í kjölfar greinargerðar Hermanns hafi BB sagt að á grundvelli greinargerðar HS væri ljóst að það væri slíkur trúnaðarbestur milli hans og HS að hann sæi sig tilneyddan til að bera upp tillögu að starfslokum HS.
  5. ÓP bendir á að BB hafi einnig sagt að ekki væri möguleiki á sátt milli hans og HS.
- iv. UGS telur rétt að taka fram að á fundi 5. des og í tölvupósti 2. des þar sem HS gerir grein fyrir svörum við fyrirspurn stjórnar talar HS um samskiptavanda en ekki ofbeldi og einelti. Málið var því meðhöndlað sem samskiptavandi og telur að málið hefði verið höndlað öðruvísi hefði hann tilkynnt ofbeldi eða einelti.
- v. ÓP tekur fram að hann hafi ítrekað sagt að rötin væri samskipti HS og BB á löngum tíma.
- vi. FFS spyr hvort að stjórnarmenn hafi sama skilning og lýst er í yfirlýsingu að „framganga þeirra (FFS) í málinu hefur, að mínu mati, borið keim af annarlegum sjónarmiðum, m.a. öðrum málum sem tengjast samskiptum við Hermann, t.d. umræddu eineltismáli.
1. UGS tekur fram að fyrir henni snúist málið um fyrirliggjandi gögn en ekki trúnaðarmál innan skátafélagsins Ægisbúa.
  2. Aðrir stjórnarmenn lýsa ekki sömu upplifun og ÓP lýsir í yfirlýsingu sinni. JPG tekur fram að hann geti ekki tekið afstöðu til þess sem fram fór á fundi 13. desember almennt.
- vii. FFS telur rétt að komi fram að eineltismálið hafi ekki verið grundvöllur eða rætt sérstaklega í aðdraganda starfsloka við HS, enda ekki áhrifaþáttur þar í. ÓP benti ítrekað á að eineltismálið væri alvarlegur hluti af samskipta-vandamálum BB og HS. Aðrir stjórnarmenn gera ekki athugasemd við ofangreindar bókanir.
- viii. FFS lýsir yfir undrun á að trúnaður eigi að gilda um stefnumótun, starfsgrunn og áherslur í alþjóðamálum en ekki um málefni sem sérstaklega eru flokkuð sem trúnaðarmál. ÓP áréttar að í þessari umræðu væri hann að ræða um samskipti stjórnar út á við, að koma fram sem ein heild en ekki um trúnaðarskyldu.

- ix. FFS bendir á að ÓP hafi ekki mótmælt fyrstu yfirlýsingu stjórnar þegar hún var send sem tölvupóstur.  
ÓP bendir á útskýringu sína í yfirlýsingu.
- g. Staðfestingar á dagsetningum
  - i. Nýliðakynning staðfest 15. mars.
  - ii. Samráðsfundur staðfestur fyrir stjórn og ráð miðvikudaginn 17. maí milli 18-22.
  - iii. Samráðsfundur fyrir stjórn, ráð og skátafélög 2. - 3. september staðfestur.
  - iv. Bland í poka staðfest febrúar 2018.
  - v. Dagsetning og lengd kynningarviku vísað til ákvörðunar upplýsingaráðs.

## 16. Bókun frá BB

*„Í tilefni af skeyti ÓP dags. 27. desember s.l. sem hann sendi ótilgreindum fjölda skáta og sakar mig m.a. um að hafa beitt Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóra BÍS einelti, kúgun og ofbeldi lýsi ég því yfir að ég hef aldrei beitt Hermann einelti, kúgun eða ofbeldi. „*

Fundargerð ritaði JÞG.

Fundi slitið 01:20